

Fundargerð fundar Samgöngunefndar Fjórðungssambands Vestfirðinga, þann 5. febrúar 2016, kl 13.00. Haldinn í fjarfundi

Mætt voru Sigurður Hreinsson, formaður, Ásgeir Jónsson, Ingibjörg Benediktsdóttir, Karl Kristjánsson og Nanný Arna Guðmundsdóttir, Finnur Ólafsson sat fundinn undir lið 1 og 2. Einnig sátu á fundinum Aðalsteinn Óskarsson framkvæmdarstjóri FV og Lína Björg Tryggvadóttir verkefnastjóri FV sem einnig ritaði fundargerð.

1. Fundargerð Samgöngunefndar frá því 8. desember 2015 lögð fram til staðfestingar. Fundargerð staðfest.
2. „Ísland ljóstengt“ staða mála.
- a. Fundur FV og starfshóps „Ísland ljóstengt“ 26. janúar 2016

Aðalsteinn fór yfir helstu atriði sem komu fram á fundi sem hann og Finnur Ólafsson fóru á hjá starfshópnum Ísland ljóstengt með landshlutasamtökum sveitarfélaga fyrir hönd FV. Fjarskiptasjóður fékk 500 m.kr. fjárveitingu á fjárlögum 2016, einkum til uppbyggingar ljósleiðarakerfa í dreifbýli utan markaðssvæða. Á fundinum var lagt fram minnisblað starfshópsins þar sem lagt er mat á kostnað við tengingar í dreifbýli samkvæmt skilgreiningu starfshópsins. Einnig var óskað eftir upplýsingum frá landshlutunum um stöðu uppbygginga fjarskiptakerfa.

Kynnt var tillaga að nýrri nálgun við ráðstöfun fjármagns frá því sem kynnt var á síðasta ári. Tillagan nær þó einungis til ársins 2016. Telur starfshópurinn mikilvægt að koma sem mestu af fjármagninu út til verkefna innan ársins. Ef taka ætti á verkefninu í heild væri hætt á að það tefjist og nái ekki markmiðum sínum innan ársins. Víða væri talsverð vinna eftir í landshlutum/sveitarfélögum á meðan önnur eru tilbúin í að bjóða verkefni út. Gerð er tillaga um að styrkjum verði skipt árið 2016 milli tiltekinna svæða í hlutfalli við fjölda ótengdra staða. Svæðin eru norðvestursvæði, norðaustursvæði og suðursvæði. Sveitarfélög í norðvestursvæði eru með um það bil 1.300 ótengda staði í dreifbýli og eiga þau samtals kost á að fá allt að 200 m.kr. Styrkur er veittur fyrir hvern tengdan styrkhæfan stað og er styrkfjárhæð jafnaðarupphæð fyrir hvern tengdan stað í sveitarfélaginu. Sveitarfélög geta sótt um styrki ein eða saman.

- b. Fundur LHSS um samstarfsbeiðni starfshóps „Ísland ljóstengt“, 28. janúar 2016
Lagðir fram minnispunktar frá símafundi LHSS frá 28. janúar varðandi erindi Ísland ljóstengt til landshlutasamtakanna. Á fundinum kom fram að Landshlutasamtökin lýsa fullum vilja til að liðka fyrir þessari framkvæmd m.a. með því að veita upplýsingar til sveitarfélaga. Landshlutasamtökin hvöttu sveitarfélögin til að byrja að greina kostnað við tengingar og meta hvaða svæði eigi að vera í forgangi að fá tengingu ásamt hugsanlegu samtarfi sveitarfélaga við að setja upp tengingar í byggð. LHSS lýsir

hinsvegar efasemdum um þá aðferðarfræði sem boðuð er við úthlutun fjármagns og benti á að ræða verði þann þátt nánar.

- c. Niðurstaða útboðs seinni hluta hringtengingu Vestfjarða og viðbrögð.
Útboð seinni hluta ljósleiðaratengingar um Strandir og Djúp (Hringtenging Vestfjarða) var opnað þann 28. janúar s.l.. Einungis eitt tilboð frá Mílu að fjárhæð 370 mkr kom fram og er það hátt í þrisvar sinnum hærra en kostnaðaráætlun.

Ályktun Fastanefndar FV um samgöngumál og fjarskipti:

Fjórðungssamband Vestfjarða vill benda á að skýrt sé tekið fram í fjárlögum að ríkið eigi að klára allar stofntengingar um land allt. Þegar því væri lokið hafi afgangur fjármagns átt að renna til verkefnisins Ísland ljóstengt. Með því að deila þeim 500 milljón krónum á þann hátt sem ákveðið hefur verið af starfshópi er hætta á að minni sveitarfélög muni ekki hafa burði til að taka þátt í þeirri samkeppni sem mun myndast. Með því aukast líkur á að minni sveitarfélög sitji eftir og þar með breikkar enn frekar bilið á þjónustustigi á milli landsbyggðar og höfuðborgarsvæðis. Ljóst er að slík aðgerð stuðlar ekki að þeirri byggðarþróun sem verkefnið átti að leiða af sér. Fjórðungssamband Vestfirðinga krefst þess að þessar tillögur verkefnahóps verði teknar til athugunar og verklagið endurskoðað. Ljósleiðaratenging er brýnt byggðamál og mun uppbygging háhraða ljósleiðara um land allt efla landsbyggðina eins og landið allt.

Nefndin leggur til að Fjórðungssambandið fái ráðgjafa til að greina hve mikill kostnaður geti orðið við að tengja þau sveitarfélög og bæi sem eftir eru á Vestfjörðum, ásamt því að finna út hvaða markaðslegar lausnir eru í boði. Einnig er lagt til að skipa starfshóp með einum fulltrúa úr hverju sveitarfélagi á Vestfjörðum til að halda utan um verkefnið.

Finnur Ólafsson vék af fundi.

3. Staða verkefna í samgöngumálum

Aðalsteinn fór yfir fund sem hann átti með Arnóri Magnússyni svæðisstjóra hjá Ísavía á Vestfjörðum þann 2. febrúar s.l. Rætt var um ástand áætlunarflugvalla, verkefni ársins 2016 og til lengri tíma litið.

Gjögurflugvöllur. Endurbótum lokið og er flugbraut nú öll lögð með slitlagi og ljósbúnaður er í lagi.

Þingeyrarflugvöllur. Flugvöllurinn er lokaður fram til vors vegna lélegs ástands slitlags. Ekki er treystandi að moka völlinn vegna þessa og nýtist völlurinn því ekki þó burðarlag væri gegnfrosið. Settir hafa verið upp hitamælar til að fylgjast með ástandi burðarlags.

Lausleg áætlun á kostnaði við að koma Þingeyrarflugvelli í notkun:

Laga slitlag- um 100 mkr,

Endurnýjun og kaup á nýjum tækjum - um 50 mkr.

Rekstur á velli á ársgrundvelli - um 15 mkr.

Meðaltalsnotkun á Þingeyrarflugvelli þegar hann var opinn allt árið voru um 20

lendingar og farþegafjöldi var um 1.000 manns.

Bíldudalsflugvöllur. Bráðvantar nýja tækjageymslu, áætlaður kostnaður um 70 mkr.

Engin fjárveiting hefur verið samþykkt til þessa verkefnis.

Ísafjarðarflugvöllur. Slitlag vantar á bílastæði en þeirri framkvæmd hefur ítrekað verið frestað. Um 100 flug falla niður að meðaltali, þar af eru um 30 flug vegna almennar ókyrrðar í lofti.

Formaður gerði tillögu um að fela framkvæmdastjóra að senda beiðni til ISAVIA um að skoðaðir verði möguleikar á nýju framtíðarflugvallarstæði á Vestfjörðum.

Tillagan samþykkt.

b. Fundur FV með Flugfélagi Íslands Árna Gunnarsyni forstjóra og Arnóri Jónatanssyni svæðisstjóra á Ísafirði, 25. janúar. Fram kom að ekki verður hægt að lenda nýju Dash Q400 flugvélunum á Ísafjarðarflugvelli en þær munu koma í stað Fokker 50 vélanna. Hins vegar verða Dash Q200 vélarnar tvær sem Flugfélagið á lausari við og munu þær þjónusta svæðið. Lýst var áhyggjum af fækkun farþega en þess vænst að bætt efnahagsástand auk áherslu á dagsferðir með ferðamenn geti bætt hér úr.

d. Vestfjarðarvegur 60 – framkvæmd í Gufudalssveit.

Framkvæmdastjóri kynnti samskipti við Vegamálastjóra. Undirbúningur umhverfismats er á áætlun og stefnt er á að það verði lagt fram nú í vor. Gangi matið fram þá er talið að bjóða megi verkefnið út nú síðla hausts.

4. Stefnumörkun í samgöngumálum á Vestfjörðum

1. Samgöngukort FV

Farið yfir efni korts sem sýnir stöðu vega og fjarskiptakerfis á Vestfjörðum.

Starfsmenn tóku niður ábendingar og athugasemdir og vinna kortið áfram á grundvelli þeirra.

2. Samgönguáætlun – Kynnt að samkvæmt þingmálaskrá er stefnt að því að Samgönguáætlun verði lögð fram á Alþingi nú um miðjan febrúar 2016.

5. Samráðsfundur LHSS með Strætó bs –

Framkvæmdastjóri sótti fund LHSS með Strætó bs þann 26. janúar s.l.. Rætt var um leiðakerfi, gjaldskrá, framkvæmd þjónustusamnings og samráð þessara aðila.

6. Önnur mál

Framkvæmdastjóri kynnti erindi og svar Vegagerðar um snjómokstur á

Hrafseyrarheiði og Dynjandisheiði. Erindið var sett fram í ljósi aukins umfangs í

atvinnulífi og starfsemi sameignlegra stofnana á Vestfjörðum og góðrar tíðar sem hefði átt að gefa möguleika á opnum heiðanna.

Formaður gerði tillögu um að fela FV að kanna hvort fjármagn, sem tekið var af viðhaldi vega á árinu 2015 til að mæta snjómokstri, verði skilað til baka á árinu 2016 í ljósi góðrar tíðar. Í annan stað að fá fund með Vegagerðinni og innanríkisráðherra varðandi snjómokstur á Vestfjörðum og aukinn sveigjanleika í þeim efnum. Auk þess að ræða að verulegar takmarkanir eru á vetrarþjónustu að lögbýlum á Vestfjörðum og það jafnvel þó að þau séu í mjólkurframleiðslu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:15

Lína Björg Tryggvadóttir.